

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stokkseyrar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun sunnanvert við Ásgautsstaðavatn breytist úr landbúnaðarsvæði í sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Stokkseyrar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 18. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992

Nr. 242

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007 frá 29. ágúst 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Landnotkun á vesturbakka Ölfusár breytist á þann veg að óbyggð svæði austan Hrefnutanga í landi Hellis verða sumarbústaðalóðir.

Bæjarstjórn Selfoss tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992

Nr. 243

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austan Kópavogsvallar í Kópavogsdal verður opið svæði til sérstakra nota (tennishús og tennisvellir), í stað opins svæðis. Jafnframt breytast göngutengsl lítillega.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981–2001.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Fellahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981–2001 frá 5. febrúar 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að íbúðarsvæði við enda götunnar Hamrafells færíst austar inn á grænt opið svæði.

Hreppsnefnd Fellahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Skútustaðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi sem staðfest var 30. júní 1986.

Breytingin er fölgín í því að verslunarlóð á miðsvæði stækkar og verndunarsvæði Sauðahellis minnkar að sama skapi.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur með yfirlýsingu þann 9. maí 1992 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.